



# Stefnumið í samstarfi við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

**Útgefandi:**

Utanríkisráðuneytið

Febrúar 2022

[www.utn.is/felagasamtok](http://www.utn.is/felagasamtok)

**Umbrot og textavinnsla:**

Utanríkisráðuneytið, alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa

©2022 Utanríkisráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Leiðarljós</b> .....	<b>4</b>
<b>3. Málefnaáherslur</b> .....	<b>6</b>
Þróunarsamvinna.....	7
Mannúðaraðstoð .....	7
Fræðslu- og kynningarstarf.....	7
Áherslusvæði .....	7
Markhópar.....	8
<b>4. Faglegir starfshættir</b> .....	<b>8</b>
Markmið.....	8
Aðgerðir .....	8
Áhætta.....	10
Ábyrgð, eftirlit og endurskoðun.....	10

# 1. Inngangur

Yfirmarkmið stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023<sup>1</sup> er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Í stefnunni eru félagasamtök skilgreind sem mikilvægir samstarfsaðilar á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Unnið verður eftir stefnumiðum þessum og verklagsreglum um samstarf við íslensk félagasamtök og jafnframt horft til þess að styðja félagasamtök<sup>2</sup> á vettvangi í samstarfs- og áherslulöndum.<sup>3</sup>

Samstarf stjórnvalda við félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar á sér langa sögu og hefur fjölbreytni verkefna aukist mjög á undanförunum árum. Stefnumið þessi leggja áherslu á áframhaldandi fjölbreytni og nýsköpun í verkefnum félagasamtaka, þar sem við á, ásamt því að byggja á grunni þess góða samstarfs og verkefna sem unnin hafa verið áður.

## 2. Leiðarljós

Tilgangur þessara stefnumiða um samstarf stjórnvalda við félagasamtök er að skapa umhverfi og aðstæður sem auðvelda samtökunum að beita sér á vettvangi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Gengið er út frá því að borgarasamfélagið sé viðbót og veiti jafnframt aðhald við bæði hið opinbera og einkageirann og hafi því mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélagi. Í ákveðnum tilfellum auðveldi einnig félagasamtök íslenskum stjórnvöldum að beita sér á vettvangi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar þar sem aðgengi er erfitt eða mjög takmarkað.

Eðli verkefna félagasamtaka eru ólík. Verkefni í þróunarsamvinnu krefjast oftast stuðnings til a.m.k. nokkurra ára eigi þau að bera árangur. Þegar um er að ræða mannúðaraðstoð er aftur á móti þörf á skjóttum viðbrögðum og skammur tími getur verið til undirbúnings verkefna. Enn fremur skal horft til verkefna sem brúa bilið milli mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu (e. Nexus) með uppbyggingu samfélaga í huga. Í ljósi þessa leggur utanríkisráðuneytið upp með ólíkar leiðir til samstarfs við félagasamtök og útfærslur á slíkum leiðum.

Stefnumiðunum er einnig ætlað að ýta undir gagnsæi og skilvirkni í meðferð opinberra framlaga. Með þeim eru markmið og inntak í stefnu stjórnvalda í samstarfi við félagasamtök í þróunarsamvinnu gerð opinber og standa samstarfsaðilar að því leyti jafnfætis hvað varðar möguleika á þátttöku og því að veita aðhald.

---

<sup>1</sup> Hér eftir nefnd þróunarsamvinnustefna.

<sup>2</sup> Hér er átt við bæði staðbundin félagasamtök og alþjóðleg félagasamtök.

<sup>3</sup> Stefnumið þessi byggja á fyrra skjali; „Stefnumið í samstarfi við íslensk félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð 2015 – 2019“. Einnig er tekið tillit til ábendinga í úttekt á ofangreindum stefnumiðum sem framkvæmd var árið 2019/20. Nánar um samstarf við félagasamtök í samstarfslöndum má sjá í viðeigandi landaáætlunum.

Þungamiðjan í stefnu Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu snýr að baráttu gegn fátækt, á grunni sjálfbærrar þróunar og uppbyggingar á mannauði. Mannréttindi, jafnrétti kynjanna, réttindi barna, loftlags- og umhverfismál, og friður og öryggi eru jafnframt sett á oddinn. Þessi grunnstef koma fram í þróunarsamvinnustefnu sem samþykkt var á Alþingi í maí 2019. Ísland beitir mannréttindamiðaðri nálgun í þróunarsamvinnu sinni sem þýðir að öll verkefni og aðgerðir í tvíhliða þróunarsamvinnu eiga að vera í samræmi við meginreglur mannréttinda og byggja á vönduðum greiningum á stöðu mannréttinda, áhrifum inngripa og öðrum viðeigandi þáttum.<sup>4</sup>

Samkvæmt þróunarsamvinnustefnu stjórnvalda miðar stuðningur við félagasamtök að því að leggja lóð á vogarskálarnar í þágu sjálfstæðs, þróttmikils og fjölbreytilegs borgarasamfélags í þróunarlöndum sem berjast gegn fátækt í hinum ólíku birtingarmyndum hennar. Jafnframt beinist stuðningurinn að því að styrkja borgarasamfélagið til að standa vörð um lýðræði og mannréttindi fátækra og þeirra sem búa við mismunun. Þá skal ævinlega gætt að því að kynjajafnrétti og sjálfbærni umhverfis séu höfð að leiðarljósi.

Þá kemur einnig fram í þróunarsamvinnustefnu að lögð verði áhersla á upplýsingagjöf, kynningu og fræðslu á Íslandi um heimsmarkmiðin og alþjóðlega þróunarsamvinnu. Markmiðið er að auka skilning á þeim hnattrænu áskorunum sem til staðar eru, auka gagnsæi, skilvirkni og stuðla að aukinni þekkingu meðal almennings um málaflokkinn. Félagasamtök gegna hér veigamiklu hlutverki.

Ísland hefur tekið undir tilmæli Þróunarnefndar Efnahags og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC) frá 6. júlí 2021 varðandi stuðning við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.<sup>5</sup> Í tilmælunum felst meðal annars viðurkenning á að:

- Félagasamtök eru bæði sjálfstæðir aðilar í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð á sínum eigin forsendum og mikilvægir samstarfsaðilar í framkvæmd þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar;
- *félagasamtök, í fjölbreytileika sínum, eru mikilvægir þátttakendur í innleiðingu heimsmarkmiðanna, loforðinu um að skilja engan eftir, sjálfbærri þróun fyrir alla, árangursríkri mannúðaraðstoð, friðaruppbyggingu og vernd, og eflingu lýðræðis;*

#### Félagasamtök

Fjölbreytt flóra samtaka og bandalaga um margvísleg málafni, hugsjónir og hagsmuni sem þátttakendur standa fyrir af eigin hvötum, utan við hið formlega valdakerfi og án þess að vera ætlað að skapa eigendum sínum arð. Félagasamtök hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að veita opinbera og einkageiranum aðhald. Ásamt því að standa vörð um ýmis réttindamál.

#### Borgarasamfélagið

Vettvangur, þar sem fólk mætist til orðræðu og athafna, á mótum hins formlega kerfis ríkisvalds, markaðar og fjölskyldu. Athafnarými borgarasamfélagsins (e. civic space) er bæði áþreifanlegt og sýndar (e. digital) rými þar sem borgararnir geta meðal annars á öruggan hátt nýtt sér féлага-, tjáningarfrelsi sitt og réttinn til að koma saman með friðsælum hætti, til samræmis við mannréttindi.

<sup>4</sup> Sjá nánar: [https://www.stjornarradid.is/library/03-](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Utanrikismal/Throunarsamvinna/Stefnurit/STJ_UTN_mannrettindaskyrsla_loka%3%batg%3%a1fa.pdf)

[Verkefni/Utanrikismal/Throunarsamvinna/Stefnurit/STJ\\_UTN\\_mannrettindaskyrsla\\_loka%3%batg%3%a1fa.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Utanrikismal/Throunarsamvinna/Stefnurit/STJ_UTN_mannrettindaskyrsla_loka%3%batg%3%a1fa.pdf)

<sup>5</sup> „Draft DAC Recommendation on Enabling Civil Society in Development Cooperation and Humanitarian Assistance“. Sjá hér:

<https://legalinstruments.oecd.org/en/instruments/OECD-LEGAL-5021>

- geta borgaralegs samfélags til að nýta sér réttinn til að koma saman með friðsömum hætti auk féлага- og tjáningarfrelsis, persónulega og á netinu, er víða í hættu og þrenging athafnarýmis borgarasamfélagsins er hluti af viðtækari áhyggjum af minnkandi virðingu fyrir mannréttindum, lýðræði og alþjóðlegum mannúðarlögum;
- skilvirkni, gagnsæi og ábyrgðarskylda félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð gerir borgarasamfélaginu kleift að hámarka framlag sitt og getur einnig veitt viðspyrnu gegn óviðeigandi takmörkunum á athafnarými þess.

Enn fremur hefur Ísland undirgengist að;

- leitast við að opinber þróunarsamvinna Íslands hafi ekki neikvæð áhrif á borgarasamfélagið og athafnarými þess í samstarfslöndum og á áherslusvæðum.

Leiðarljós Íslands fyrir málaflokkinn má draga saman á eftirfarandi hátt:

#### Leiðarljós í samstarfi við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð

Samstarf við öflug og virk félagasamtök sem leggja hönd á plóg við að Ísland nái árangri í að framfylgja stefnu sinni í málaflokknum og stuðli að framgangi heimsmarkmiðanna og bættum lífskjörum í þróunarríkjum.

Áhersla er á gott og gagnsætt samstarf þar sem farið er eftir skýrum reglum sem allir hlutaðeigandi aðilar hafa aðgang að.

## 3. Málefnaáherslur

Yfirmarkmið stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023<sup>6</sup> er að draga úr fátækt (heimsmarkmið nr. 1) og hungri (heimsmarkmið nr. 2) og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Samstarf við félagasamtök skal taka mið af þróunarsamvinnustefnu Íslands og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Meginmarkmið í þróunarsamvinnustefnu Íslands eru eftirfarandi:

#### Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar:

Efla grunnþjónustu og styrkja stofnanir til að bæta lífskjör og auka tækifæri þeirra sem búa við fátækt og ójöfnuð (sbr. heimsmarkmið nr.; 3, 4, 5, 6, og 16).

#### Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda:

<sup>6</sup> Hér eftir nefnd þróunarsamvinnustefna.

Auka viðnámsþrótt samfélaga og örva hagvöxt á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar, auk þess sem gripið verði til aðgerða vegna loftslagsbreytinga (sbr. heimsmarkmið nr. 7, 8, 13, 14, og 15).

## Þróunarsamvinna

Samstarf við félagasamtök grundvallast á ofangreindum markmiðum og getur falið í sér ólíkar nálganir og mismunandi leiðir enda ekki ætlunin að steypa öll félagasamtök í sama mót. Innan ramma ofangreindra markmiða er lögð áhersla á tekjusköpun, færniuppbyggingu og málsvarastarf í samfélögum þar sem verkefni fara fram ásamt þverlægum áherslumarkmiðum Íslands varðandi mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni umhverfis í öllu samstarfi við félagasamtök.

Það er á ábyrgð stjórnvalda í hverju landi að veita borgurum sínum nauðsynlega grunnþjónustu eins og menntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu og tryggja aðgang að vatni og öðrum lífsnauðsynjum. Þar sem stjórnvöld skortir getu til að sinna þessu hlutverki getur komið til kasta félagasamtaka að veita og styðja við grunnþjónustu, ekki síst í óstöðugum ríkjum eða þar sem neyðarástand ríkir. Þjónusta við borgarana skal vera í samræmi við áætlanir stjórnvalda á staðnum, eftir því sem hægt er, eða annarra ábyrgðaraðila svo framarlega sem þau stuðla ekki að mannréttindabrotum.

## Mannúðaraðstoð

Mannúðaraðstoð hefur það hlutverk að vernda almenna borgara þegar vá steðjar að, hvort sem er vegna náttúruhamfara eða af manna völdum. Markmiðið er að bjarga mannlífum, draga úr þjáningum, vernda óbreytta borgara og réttindi þeirra, tryggja nauðþurftir og auðvelda fólki afturhvarf til eðlilegra lífshátta.

Þegar neyð ber að höndum eru félagasamtök oftast þau sem bregðast fyrst við sökum nálægðar sinnar við nauðstadda og því er stuðningur til þeirra og alþjóðanets samtakanna afar mikilvægur til bjargar mannlífum. Lögð er áhersla á viðbragðsflýti og fyrirsjáanleika framlaga.<sup>7</sup> Til þess að tryggja getu félagasamtaka til að bregðast hratt og vel við neyð er mikilvægt að samtökin njóti langtíma stuðnings til að byggja og efla getu sína.

## Fræðslu- og kynningarstarf

Opinber framlög til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar eru fjármögnuð af skattfé. Íslenskur almenningur sem jafnframt myndar borgarasamfélagið heima fyrir á kröfu á að fá greinargóðar og skýrar upplýsingar um hvernig framlögum er varið, á hvaða grundvelli og með hvaða árangri. Hluti af sýn þessara stefnumiða er að almenningur sé vel upplýstur og veiti alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands stuðning og aðhald, setji fram hugmyndir og taki þannig þátt í að vísa veginn. Árangri af þróunarsamvinnu skal vera komið á framfæri við almenning með viðeigandi umfjöllun sem byggist á virðingu fyrir fólki.

## Áherslusvæði

Samstarfsverkefni á sviði þróunarsamvinnu komi til framkvæmdar í lágtekjulöndum og lágmillitekjulöndum, auk hámillitekju-smáeyþróunarríkja (e. SIDS) sem eru á lista Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC) yfir þiggjendur alþjóðlegrar þróunaraðstoðar.<sup>8</sup> Sérstök áhersla er lögð á

<sup>7</sup> Sjá stefnumið Íslands í mannúðaraðstoð.

<sup>8</sup> Lista yfir gjaldgeng samstarfslönd má finna á [www.utn.is/felagasamtok](http://www.utn.is/felagasamtok)

verkefni í tvíhliða samstarfslöndum Íslands og nágrenni þeirra, ásamt tilgreindum áherslu löndum skv. þróunarsamvinnustefnu.<sup>9</sup>

## Markhópar

Meginmarkhópur stuðningsins er hið borgaralega samfélag lágtekjulanda, einkum fátækir og jaðarhópar. Með því að leggja áherslu á slíka hópa vilja íslensk stjórnvöld ná til þeirra sem búa við bág kjör, ógn af náttúru- eða mannavöldum, og mismunun á grundvelli kyns, aldurs, fötlunar, þjóðernis, uppruna, kynhneigðar og trúar eða eiga undir högg að sækja af öðrum ástæðum. Sérstaka áherslu ber að leggja á berskjaldaða hópa, þar á meðal börn, og að þróun sé fyrir alla.

# 4. Faglegir starfshættir

## Markmið

Meginmarkmið í samstarfi við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð er sótt í þróunarsamvinnustefnu Íslands og er eftirfarandi:

Próttmeira og fjölbreyttara borgarasamfélag í þróunarlöndum sem berst gegn fátækt í hinum ólíku birtingarmyndum hennar. Styrkara borgarasamfélag sem stendur vörð um lýðræði og mannréttindi fátækra og þeirra sem búa við mismunun.

Yfirmarkmið þróunarsamvinnustefnu eru samofin og hvort öðru háð og borgarasamfélagið á hverjum stað gegnir þýðingarmiklu hlutverki við að vinna þeim brautargengi. Áhersla á tímabilinu verður lögð á tekjusköpun, færniuppbyggingu og málsvarastarf í samfélögum ásamt þverlægum áherslumarkmiðum Íslands varðandi mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni umhverfis.

Sértækt starfsmarkmið á tímabilinu við úthlutun styrkja er:

Aukin fjölbreytni og nýsköpun í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð á vegum félagasamtaka í þróunarlöndum.

Samstarf við félagasamtök grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og málefnaáherslum Íslands (sjá 3. kafla) og getur falið í sér ólíkar nálganir og mismunandi leiðir. Stefnumið þessi leggja áherslu á áframhaldandi fjölbreytni og nýsköpun í verkefnum félagasamtaka, þar sem við á, ásamt því að byggja á grunni þess góða samstarfs og verkefna sem unnin hafa verið áður. Þannig verður lögð sérstök áhersla á að stuðla að forystu og nýsköpun félagasamtaka við að bera kennsl á og aðlaga nýjar aðferðir til að leysa þróun og mannúðaráskoranir, meðal annars með samstarfi og samfjármögnun verkefna með ýmsum aðilum. Er þetta í takt við áherslur OECD-DAC.

## Aðgerðir

Mikil áhersla er lögð á gott og gagnsætt samstarf milli utanríkisráðuneytisins og félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

<sup>9</sup> Sjá þróunarsamvinnustefnu Íslands 2019-2023.



Árlegur samráðsvettvangur við félagasamtök er opinn félögum<sup>10</sup> sem hafa áhuga á samstarfi við ráðuneytið á sviði þróunarsamvinnu. Þá fer reglulega fram umræða í þróunarsamvinnunefnd sem er m.a. skipuð fulltrúum félagasamtaka og gegnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgist með framkvæmd hennar.

Til að ná til sem fjölbreytilegasta hóps félagasamtaka á Íslandi og í samstarfslöndum byggir samstarf utanríkisráðuneytisins á nokkrum mismunandi leiðum sem taka mið af stærð og gerð verkefna ásamt reynslu og getu samtakanna. Samfjármögnun í formi styrkja (og mótframlags) er í boði fyrir þróunarsamvinnuverkefni, mannúðaraðstoð, og fræðslu og kynningarverkefni innanlands.

Áhersla er á að leikreglur séu skýrar og standist íslensk lög og reglur. Gildandi reglur um úthlutun<sup>11</sup> og viðeigandi verklagsreglur eru ætíð aðgengilegar á heimasíðu stjórnarráðsins undir síðu ætlaðri samstarfi við félagasamtök ([www.utn.is/felagasamtok](http://www.utn.is/felagasamtok)).

Styrkveitingar til félagasamtaka skulu samræmast áherslum stjórnvalda um framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, sbr. 6. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu, nr. 121/2008, ákvæðum 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, reglugerð um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018 og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra úthlutar styrkjum til verkefna að fengnu á líti matshópa sem skipaðir eru þremur sérfræðingum. Skipun matshópa er í höndum ráðherra. Matshópar gera tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna.

Samtök sem vinna á sviði mannúðaraðstoðar geta sótt um styrki vegna einstakra verkefna á þeim vettvangi.

Samtök sem vinna að þróunarsamvinnuverkefnum geta sótt um styrki til einstakra verkefna og verkefnahluta, t.d. loftlagshluta í verkefni sem unnið er með fleiri samstarfsaðilum. Gert er ráð fyrir að styrkir geti verið til allt að fjögurra ára, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Að uppfylltum ströngum skilyrðum og fjárhagslegri áreiðanleikakönnun er samtökunum er jafnframt gefinn kostur á að sækja um rammasamninga sem gilda til allt að fjögurra ára í senn. Í rammasamningum er lögð áhersla á sameiginlega forgangsriðun, samþættingu við annað starf ráðuneytisins á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar, auk upplýsingagjafar. Slík nálgun byggist á sameiginlegum markmiðum, gagnkvæmu trausti, heiðarleika og virkum samskiptum. Jafnframt er gagnkvæm ábyrgð lykilatriði. Einnig mun vera fjallað um forgangsatriði félaganna, framgang og fyrirætlanir um stofnanauppbyggingu.

Fræðslu- og kynningarstyrkir eru veittir til verkefna á Íslandi eins árs í senn skv. sérstökum verklagsreglum. Áhersla er m.a. á fjölbreytileika í miðlun upplýsinga og verkefni sem fjalla um árangur í þróunar- og mannúðarstarfi. Enn fremur eru samtökin hvött til að deila sérþekkingu og reynslu sinni sín á milli sem og með öðrum aðilum í þróunarsamvinnu.

Vinnulag og reglur sem varða samstarfið er nánar útlistað í verklagsreglum fyrir ólíkar samstarfsleiðir.<sup>12</sup>

---

<sup>10</sup> Sjá styrkhæfi í reglum nr. 1035/2020 um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu.

<sup>11</sup> Reglur nr.1035/2020 um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu.

<sup>12</sup> Sjá [www.utn.is/felagasamtok](http://www.utn.is/felagasamtok)

## Áhætta

Ýmis konar áhætta er tengd opinberum stuðningi við félagasamtök og koma þar til bæði ytri og innri áhættuþættir. Kerfisbundið mat á tillögum og öflugt eftirlitskerfi er lykill að áhættustjórnun.

Íslensk félagasamtök eru flest lítil eða hluti af stærra alþjóðlegu neti. Starfi þeirra er oft miðlað í gegnum keðju samtaka, alþjóðlegra og staðbundinna. Þetta getur skapað áhættu hvað varðar gagnsæi og ábyrgðarskiptingu. Þessu ber sérstaklega að huga að í áhættumati, þ.e. hverjir hafa stjórn á mismunandi liðum keðjunnar og hvernig ábyrgðarskiptingin er, bæði með tilliti til fjármuna og árangurs.

Samtök getur skort færni og faglega þekkingu á viðfangsefnum. Því þurfa félagasamtökin sérstaklega að huga að því að þróa getu sína, velja samstarfsaðila sína af gaumgæfni og byggja upp traust tengslanet. Námskeið og annar stuðningur við uppbyggingu á færni eru hluti af því að styðja samtök til að eflast og styðja þar með við margbreytileikann og bæta faglegt starf.

Hafa ber í huga að samskipti félagasamtaka við erlend stjórnvöld, einkum í tvíhliða samstarfslöndum, geti verið viðkvæm og erfið t.d. þegar þau beina gagnrýni að stjórnvöldum eða styðja réttindabaráttu hópa sem ekki njóta stuðnings ráðamanna. Í þessu felst áhætta einkum hvað varðar slæm áhrif á samband Íslands við þessi ríki. Á þetta einkum við um félagasamtök sem sinna málsvarastarfi.

## Ábyrgð, eftirlit og endurskoðun.

Skilvirk og ábyrg notkun á skattfé Íslendinga er krafa sem gerð er til allra þeirra sem ráðstafa opinberum fjármunum til þróunarsamvinnu og mannúðarstarfs. Aðeins þau félagasamtök sem einsetja sér og fylgja eftir skilvirkri notkun á fjármunum og hafa árangur í fyrirrúmi geta fengið stuðning. Lykill að árangri er traust þekking á þeim viðfangsefnum sem unnið er að og því samhengi sem starfað er í, haldgott skipulag og gott samstarf við aðila á vettvangi sem byggt er á jafningjagrunni.

Utanríkisráðuneytið hefur yfirumsjón með framlögum ríkisins sem ætluð eru til starfsemi félagasamtaka á sviði þróunarsamvinnu og ber ábyrgð á að úthlutun styrkja sé í samræmi við gildandi verklagsreglur. Ráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á að stuðningur við félagasamtök samrýmist áherslum og markmiðum í stefnu Íslands og hefur það hlutverk að fylgjast með að þau séu höfð í heiðri. Í árlegri skýrslu ráðherra til Alþingis er gerð grein fyrir framgangi þessara stefnumiða.

Ábyrgðarmaður styrks hjá hverjum samtökum ber ábyrgð á að vakta þau verkefni sem hafa hlotið styrk og sjá um að árlegar framvinduskýrslur um stöðu og árangur ásamt mati á virðisauka af þátttöku eigin samtaka séu gerðar og berist ráðuneytinu.

Þau félagasamtök sem sækjast eftir rammamningum sæta úttekt áður en til þess kemur. Fá þau slíkan samning verða þau að láta í té vitnisburð um árangur með reglulegri skýrslugjöf til ráðuneytisins og enn fremur er gert ráð fyrir að samráðsfundur með ráðuneytinu verði tvisvar til þrisvar á ári um markmið og áherslur samningsins.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að hafa sjálfstætt eftirlit með þeim verkefnum sem njóta styrkja. Það getur kallað eftir upplýsingum og samræðum, heimsótt vettvang og látið fara fram árangursrýni og úttektir á þeim verkefnum samtakanna sem styrki hafa hlotið. Úttektir eru eitt helsta tæki Íslands til eftirlits og lærdóms í þróunarsamvinnu og byggir það starf á úttektastefnu Íslands og viðmiðum OECD-DAC. Leiðarljós ráðuneytisins við að rækja eftirlitshlutverk sitt er gott og hreinskiptið samstarf við félagasamtökin sem grundvallast á gagnsæi og sameiginlegri ábyrgðarskyldu allra aðila.

